

**Stjórnarfundur Minjasafns Austurlands, haldinn í fjarfundi á „TEAMS“, miðvikudaginn 19. febrúar kl. 10.00**

Mætt: Björg Björnsdóttir, Björn Ingimarsson, Rannveig Þórhallsdóttir, Tinna Jóhanna Magnusson, Vilhjálmur Jónsson og Þórdís Sveinsdóttir.

**Dagskrá:**

- 1. Ársreikningur, lagður fram til kynningar**
- 2. Fjármál**
- 3. Starfsstefna 2025-2029**
- 4. Breytt rekstrarfyrirkomulag - staðan**
- 5. Skýrsla safnstjóra**
- 6. Önnur mál.**

**1. Ársreikningur, lagður fram til kynningar**

Ársreikningur fyrir árið 2024 lagður fram. Björg Björnsdóttir kynnti drögin og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna.

*Stjórn Minjasafns Austurlands vísar ársreikningi fyrir rekstrarárið 2024 til samþykktar á aðalfundi.*

**2. Fjármál**

Safnstjóri fór yfir ýmis mál varðandi rekstur og fjármál safnsins. Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við viðbyggingu Safnahúss, er nauðsynlegt að flytja safnkost úr geymslum safnsins í tímabundið húsnæði. Fyrir liggja upplýsingar um kostnað við leigu á slíku geymsluhúsnæði sem ráðgert er hefjist 1. september nk.

*Stjórn Minjasafns Austurlands samþykkir að safnstjóri gangi frá leigusamningi vegna geymsluhúsnæðis undir safnkost.*

**3. Starfsstefna 2025-2029**

Safnstjóri fór yfir tildrög og bakgrunn starfsstefnunnar. Við gerð hennar var litið til Safnastefnu á sviði menningarminja (2017), Menningarstefnu Múlaþings (2024-2030), Sóknaráætlunar Austurlands (2020-2024) og Svæðisskipulags Austurlands (2022-2044).

*Stjórn Minjasafns Austurlands samþykkir framlagða starfstefnu safnsins 2025-2029 og felur safnstjóra að birta hana á vefsíðu.*

**4. Breytt rekstrarfyrirkomulag - staðan**

Formaður kynnti viðbrögð Múlaþings og Fljótsdalshrepps við tillögu stjórnar safnsins frá fundi hennar 30. janúar s.l. varðandi breytt rekstrarfyrirkomulag safnsins.

*Stjórn Minjasafns Austurlands samþykkir að fela formanni að vinna áfram að málinu með fulltrúum sveitarfélaganna.*

**5. Skýrsla Safnstjóra**

Safnstjóri fór yfir starfsemi safnsins og kynnti helstu mál sem unnið hefur verið að frá síðasta fundi stjórnar.

**6. Önnur mál**

Rætt var um mögulega tímasetningu fyrir aðalfund stjórnar, hann verður að fara fram í síðasta lagi 31. mars nk.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:03. Fundargerð ritaði Vilhjálmur Jónsson.